

21. nóvember 2014

Til Efnahags og Skattanefndar.
Reykjavík 21. Nóvember 2014
Efni: Umsögn um 356 mál.

VI. KAFLI

Breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „búnar til flutnings á fötluðum, þ.m.t. búnar hjólastólalyftu“ í m-lið 1. tölul. kemur: útbúnar fyrir fatlað fólk. Bifreiðarnar skulu búnar hjólastólalyftu eða öðrum sambærilegum búnaði.

Forsaga þessa máls er að ég sit í nefnd niður í Velferðarráðuneyti sem ætlað var að smíða nýjar reglur um bílamál fatlaðra.

Þetta frumvarp er einn hluti þeirrar vinnu, það er niðurfelling á vörugjöldum af ökutækjum fyrir fatlaða.

Það er hins vegar mín skoðun að ekki sé nógu vel gert grein fyrir þeim breytingum sem þarna eru í gangi í frumvarpinu.

Ef greinargerðin væri bætt þá held ég að allir væru sáttir.

Þarna á ég til dæmis við arma (róbót) sem tekjur hjólastól og setur hann í skottið á bílum og lokar á eftir!

Slíkan búnað hefur Tollstjóri samþykkt niðurfellingu á vörugjöldum fyrir, með semingi, en þessir armar gera sambærilegt gagn og hjólastóla lyfta sem einstaklingur getur ekið upp á og inn í sitt ökutæki. Það þarf hins vegar að taka þetta fram í greinargerðinni til að frumvarpið nái markmiði sínu.

Þess vegna legg ég til að greinargerðin verði bætt, til að taka af allan vafa um hvaða búnað er verið að ræða.

Til viðbótar í greinargerð með frumvarpinu komi.

"Um ákvæðið: Orðalag ákvæðisins hefur valdið embætti tollstjóra, sem fer með framkvæmd laganna, vandræðum. Með breytingu ákvæðisins er allur vafi tekinn af um að skilyrði niðurfellingar vörugjalda samkvæmt ákvæðinu er að bifreiðar séu búnar hjólastólalyftu eða sambærilegum búnaði.

Með þróun

tækninnar á sviði hjálpartækja á undanförunum árum standa fötluðum

einstaklingum til boða ýmis önnur hjálpartæki en hjólastólalyftur í dag.

Þessi hjálpartæki eru til að mynda kranar og sjálfvirkir armar sem taka hjólastól inn í bíl, skábrautir og sérútbúin

sæti með

snúnings- eða lyftubúnaði. Þessi hjálpartæki kalla á

umfangsmiklar og

kostnaðarsamar breytingar á bifreiðum rétt eins og þegar

hjólástólalyftu er
komið fyrir. Ökutækin verða því þyngri en ella og losun
koltvísýrings eykst
samkvæmt því. Af þeim sökum þykir rétt að bifreiðar sem
breyttar hafa verið
með þessum hætti verði einnig undanþegnar vörugjöldum."

Bergur Þorri Benjamínsson
Sjálfsbjörg Landsamband Fatlaðra.